

Lög Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins

Samþykkt á aðalfundi 19. mars 2018, með breytingartillögum sem lagðar eru til á aðalfundi 20. mars 2023.

1. gr. Nafn og skilgreining.

- 1.1. Félagið heitir Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins. Það er aðildarfélag *Krabbameinsfélags Íslands*. Félagssvæðið er Reykjavík, Mosfellsbær, Seltjarnarnes, Kópavogur, Hafnarfjörður og Garðabær. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.
- 1.2. Félagið, stjórn þess og starfsfólk, starfar á grundvelli siðareglna sem gilda fyrir Krabbameinsfélag Íslands.
- 1.3. Félagið starfar samkvæmt lögum nr. 110/2021 um félög til almannaheilla.

2. gr. Tilgangur.

- 2.1. Tilgangur félagsins er að styðja í hvívetna baráttuna gegn krabbameini.
- 2.2. Þessum tilgangi hyggst félagið einkum ná með því:
 - A. Að fræða almenning um krabbamein og krabbameinsvarnir.
 - B. Að stuðla að aukinni menntun heilbrigðisstétta í greiningu, fyrirbyggjandi aðgerðum og meðferð krabbameins.
 - C. Að veita krabbameinssjúklingum og aðstandendum þeirra stuðning.
 - D. Að stuðla að krabbameinsrannsóknum hér á landi.

3. gr. Félagsaðild.

- 3.1. Félagi getur hver sá einstaklingur verið sem aðhyllist tilgang félagsins og greiðir því tilskilin gjöld. *Félagsmenn bera ekki persónulega ábyrgð á skuldum eða öðrum skuldbindingum félagsins nema með félagsgjaldi sínu.*
- 3.2. *Einstaklingar, félög eða stofnanir geta verið styrktaraðilar.*

4. gr. Aðalfundur.

- 4.1. Aðalfundur hefur æðsta vald í öllum málefnum félagsins. Hann skal halda fyrir marslok ár hvert. Skall hann boðaður með *minnst tveggja vikna fyrirvara með tölvupósti til þeirra félagsmanna sem hafa gefið félaginu upp netfang sitt og með tilkynningu á vefsíðu og/eða samfélagssíðu félagsins*. Tilkynna skal dagskrá í fundarboði. Fundurinn er lögmætur ef löglega er til hans boðað. *Aðeins félagsmenn hafa kjörgengi, tillögurétt og kosningarétt á aðalfundi.*
- 4.2. Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:
 1. *Kosning fundarstjóra og fundarritara.*
 2. Skýrsla stjórnar fyrir síðastliðið starfsár.
 3. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar.
 4. Stjórnarkjör.
 5. *Kosnir tveir félagskjörnir skoðunarmenn ársreiknings til eins árs og einn til vara.*
 6. Kosning löggilts endurskoðanda eða löggilts endurskoðunarfélags til eins árs.
 7. Þrír menn kosnir í uppstillingarnefnd til eins árs.
 8. *Ákvörðun félagsgjalda.*
 9. Framlag í varasjóð og ráðstöfun framlaga úr varasjóði.

10. Kosning fulltrúa á aðalfund Krabbameinsfélags Íslands.
11. Lagabreytingar sem kynna skal með aðalfundarboði.
12. Önnur mál.

4.3. Við afgreiðslu mála á aðalfundum, félagsfundum og stjórnarfundum ræður einfaldur meirihluti sé annað ekki sérstaklega tekið fram.

5. gr. Stjórnun.

5.1. Stjórn félagsins er skipuð sjö aðalmönnum og þremur til vara. Skal að minnsta kosti einn aðalmaður vera *heilbrigðisstarfsmaður*. Formaður skal kjörinn sérstaklega til *tveggja ára* í senn. Formaður getur að hámarki setið í *fjögur* kjörtímabil. Árlega skulu kosnir þrjár meðstjórnendur til *tveggja ára* og þrjár varamenn til eins árs. Meðstjórnendur geta að hámarki setið í *fjögur* kjörtímabil samfellt. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og *velur varaformann, gjaldkera og ritara*. Stjórnin skipar nefndir til starfa fyrir félagið eins og þurfa þykir.

5.2. Stjórn félagsins er heimilt að ráða framkvæmdastjóra til að stjórna daglegum rekstri félagsins og framkvæma ályktanir stjórnarinnar. Stjórn félagsins kemur fram út á við fyrir hönd félagsins og ritar firma þess. Stjórnin getur veitt tilteknum stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra eða öðrum heimild til að rita firma félagsins.

5.3. Stjórnarfundur skal halda að jafnaði mánaðarlega yfir vetrarmánuðina. *Formaður boðar til fundar*. Skyld er að boða stjórnarfund ef *að minnsta kosti þrjár aðalmenn í stjórn* óska þess. Stjórnarfundur er ályktunarfær ef minnst fjórir stjórnarmenn eða varamenn þeirra sækja fundinn.

5.4. Almenna félagsfundur skal halda þegar stjórn félagsins telur ástæðu til eða minnst einn fimmti hluti félagsmanna óskar þess. Skal boða til þeirra með sama hætti og til aðalfundar. *Félagi hefur kjörgengi, tillögurétt og kosningarétt á félagsfundum*.

5.5. *Stjórnin* getur kosið heiðursféлага. Kjör sem heiðursfélagi felur í sér viðurkenningu fyrir mikilvert framlag til félagsins eða baráttu gegn krabbameini. *Heiðursfélagar hafa sömu réttindi og skyldur og aðrir félagsmenn en eru undanþegnir greiðslu félagsgjalda*.

6. gr. Fjármál.

6.1. Reikningsár félagsins er almanaksárið.

6.2. *Fjármögnun félagsins byggist á félagsgjöldum, sjálfsaflafé, fjáröflunum og styrkjum frá almenningi, fyrirtækjum og opinberum aðilum, öðrum rekstrartekjum og eftir atvikum greiðslum samkvæmt þjónustusamningum og styrkjum til tiltekinna verkefna*.

6.3. Félagið skal að jafnaði eiga varasjóð til þess að mæta hugsanlegum samdrætti í tekjum eða fjárhagslegum áföllum sem félagið kann að verða fyrir og til þess að fjármagna stærri verkefni. Aðalfundur ákveður framlög í sjóðinn hverju sinni og ráðstöfun hans. Vedsetning varasjóðs, eða lántaka úr honum til skemmri eða lengri tíma, er óheimil nema með samþykki aðalfundar. *Varasjóð skal varðveita í banka og/eða hjá löggiltu verðbréfafyrirtæki*.

7. gr. Lagabreytingar og félagsslit.

7.1. Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi. Til þess þarf tvo þriðju (66,6%) greiddra atkvæða. Skal þess getið í fundarboði ef tillögur til lagabreytinga verða lagðar fram á fundinum. Aldrei má breyta lögum þannig að raskað sé megintilgangi félagsins, sbr. 2. gr.

7.2. Til þess að leggja félagið niður eða *slíta því* þarf samþykki þriggja fjórðu (75%) fundarmanna á aðalfundi, enda hafi áforma um félagsslit verið getið sérstaklega í fundarboði.

7.3. Verði félagið lagt niður eða *því slitið* skulu eignir þess renna til Krabbameinsfélags Íslands eða hliðstæðs félags eða stofnunar *sem starfar í sama tilgangi*, samkvæmt ákvörðun aðalfundar. *Þessu ákvæði má aldrei breyta*.